

6. júní 2016

Tilkynning frá Aðföngum

Semper AB í samstarfi við Aðföng hafa ákveðið að taka úr sölu og innkalla *Semper Mini Ringar Puffad Majs í 20 gramma pokum*.

Ástæða innköllunarinnar er sú að innihald B1-vítamíns í vörunni er of mikið og hefur það áhrif á bragð hennar. Mat Semper er að engin hættu fylgi neyslu vörunnar en fyrirtækið vill með hliðsjón af neytendavernd taka hana úr sölu.

Varan var til sölu í verslunum Bónus og Hagkaupa á tímabilinu 20. maí til 5. júní 2016.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: *Semper Mini Ringar Puffad Majs*

Strikamerki: 7310100400147

Nettóþyngd: 20g

Best fyrir dagsetning: 19.04.2017

Viðskiptavinum Bónus og Hagkaupa sem keypt hafa vöruna er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Semper AB og Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530-5645 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

